

Skipulagsstofnun  
Matthildur B. Stefánsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 8. febrúar 2018  
UST201801-273/B.S.  
10.05.00


**Efni: Tilkynning um matsskyldu og tillaga að deiliskipulagi - Urðunarstaður á Hóli, Bolungarvík. Umsögn**


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 22. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum og jafnframt er óskað umsagnar um tillögu að deiliskipulagi urðunarstaðarins.

Um er að ræða urðun óvirks úrgangs sem fram hefur farið í malarnámu í landi Hóls um nokkuð langt skeið. Fyrirhugað er að urða á þessum stað allt að 500 tonn árlega og er gert ráð fyrir að urðun verði hætt fyrir árslok 2020 og gengið verði frá svæðinu fyrir ársbyrjun 2022 skv. tillögu að deiliskipulagi.

Fram kemur í greinargerð að niðurstöður sýnatöku úr vatni gefi til kynna að frárennsli frá urðunarstaðnum uppfylli kröfur sem settar eru í starfsleyfi og reglugerð um urðun úrgangs. Umhverfisstofnun telur að hér sé um tímabundin rekstur lítills urðunarstaðar að ræða og ekki séu vísbendingar um mengun frá staðnum umfram kröfur í reglugerð. Nokkur sjónræn áhrif gætu orðið samfara tímabundinni urðun. Gengið verður frá svæðinu í samræmi við starfsleyfi og deiliskipulag. Að teknu tilliti til ofagnreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að frekari rekstur urðunarstaðarins muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Umhverfisstofnun bendir á að koma þarf fyrir fullnægjandi aðstöðu til sýnatöku og mælinga í frárennsli og sigvatni í samræmi við starfsleyfi. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri